

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1740
komudagur 14.4.2004
14.04.04

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Frá stjórn Félags raforkubænda

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr.65/2003

Við samlestur á lögum og frumvarpi virðist ljóst að erfitt er að gera sér örugga grein fyrir því hvort ákvörðun um aðskilnað orkuframleiðslu og flutningskerfis muni gera rekstrargrundvöll lítilla virkjana lakari en ætla mátti áður en aðskilnaður var ákveðinn. Þar mun skipta mestu hver framkvæmd laganna verður, reglugerðir sem að lögnum lúta og framkvæmd útreikninga.

Flestum mun þó virðast líklegt að rekstrarumhverfi slíkra virkjana batni ekki við breytinguna.

Félag raforkubænda ætlast hins vegar til þess að handhöfum virkjunarréttar og eigendum slíkra virkjana verði ekki íþyngt með óeðlilegum flutningskostnaði orkunnar. Þannig verði gengið frá hlutum að fótum verði ekki kippt undan slíkum framkvæmdum í þeim tilfellum, þar sem ljóst er að virkjun er í raun hagkvæm eigendum sínum og þjóðfélagi. Staðsetning virkjunar og nálægð hennar við markað verði þar metin með eðlilegum hætti.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd stjórnar raforkubænda
Ólafur Eggertsson

Afrit sent Orkustofnun.